

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 63 – 01.02.2006

Miðvikurdaginn 1. febrúar, árið 2006, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16.00 í húsi Skagafjarðarveitna að Borgarteigi 15, Sauðárkróki.

Mætt voru stjórnarmennirnir: Sigrún Alda Sighvats, Gísli Árnason og Einar Gíslason, Páll Pálsson veitustjóri og Árni Egilsson, sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Boranir á sjóholum v/ Dögunar ehf
2. Borunin v/ Kýrholt – staða framkvæmda- næstu verkefni.
3. Bréf frá Skógræktarfélagi Skagfirðinga
4. Önnur mál.

AFGREIÐSLUR:

Sigrún Alda setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Páll Pálsson veitustjóri fór yfir staðsetningu á sjóholu fyrir Rækjuverksmiðjuna Dögun. Samþykkt að óska eftir því við Hafnarstjórn fá að bora 14" holu vegna sjótöku við sandfangarann.
2. Stangir í borholu við Kýrholt brotnuðu í síðustu viku, en þá var borinn kominn í um 760 m. Hitamæling var gerð á holunni í 698 m. þá var botnhitinn 44-45°C. sem var samkvæmt væntingum. Páll fór yfir stöðu á framkvæmdum í Akrahreppi, í dag er búið tengja 19 staði.
3. Lagt bréf frá Skógræktarfélagi Skagfirðinga dags. 15.01.06 þar sem óskað er eftir gerð bílastæðis fyrir langferðabíla á Reykjarhól við hið nýja dæluhús Skagafjarðarveitna ehf.. Erindið er samþykkt og Páli falið að ræða við Skógræktarfélagið vegna málsins.
4. Önnur mál.
 - a. Málefni Fjölnets.
Rædd um málefni Fjölnets, samþykkt að óska eftir fundi með Byggðaráði.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.00
Árni Egilsson ritari (sign)

Sigrún Alda Sighvats (sign)
Einar Gíslason (sign)
Gísli Árnason (sign)
Páll Pálsson (sign)

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.